

AUGLÝSING

165

7. okt.

um sérstaka friðun rjúpna.

Með því að rjúpum hefir fækkað í landinu að undanförunu, verður ekki hjá því komizt að friða rjúpur alveg þetta ár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 1924 skipar ráðuneytið svo fyrir, að rjúpur, sem annars eru að lögum friðaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október, skuli á þessu ári einnig vera friðaðar frá 15. október til ársloka.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. október 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

166

7. okt.

um breyting um stundarsakir á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 22 frá 1. apríl 1936.

1. gr.

Vörugjald samkvæmt 39. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtist þannig meðan styrjöld sú stendur yfir, sem nú geysar í Evrópu:

Vörugjaldsskrá.

a. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg:
Alls konar vefnaðarvörur, skófatnaður, leirvörur, glysvarningur, tóbak, eldspýtur og þess konar léttar vörur. — Alls konar ávextir, vínföng, lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd (ekki sykur).
3. flokkur. Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 150 kg nettó:
Steinolía og aðrar oliur.
5. flokkur. Gjald 4 aurar fyrir tunnu:
Tómar tunnur, uppsettar og óuppsettar.
6. flokkur. Gjald 6 aurar fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður.
7. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir stykkið:
Sauðfé.
9. flokkur. Gjald 1 kr. fyrir stykkið:
Hestar og nautgripir.